

Samþykkt um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir kaupmanna og kaupfjelaga í Seyðisfjarðarkaupstað, að undanskildum þeim sölubúðum, sem eingöngu versla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr.

2. gr.

A tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl, að báðum dögum meðtöldum, ennfremur mánuðina ágúst og september, skal alla virka daga opna sölubúðir eigi fyr en kl. 9 árdegis og loka þeim eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Frá 1. maí til 15. júní skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 8 síðdegis til kl. 9 árdegis. Frá 15. júní til 31. júlí, ennfremur yfir októbermánuð, frá kl. 8 síðdegis til kl. 8 árdegis. Aðfangadag jóla og gamlaárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní, frídag verslunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna og kaupfjelaga, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja, nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum; sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verslananna.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Seyðisfjarðarkaupstað hefur samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til að öðlast gildi 1. ágúst 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 6. júlí 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.